

Greindin sem glutraðist niður Vísinda- og menningarkreppan. I: Hugtakið greind

(Þetta er fyrsti pistill í röð níu um efnið. Heimildalisti fylgir þeim síðasta.)

Endur fyrir löngu sat fjöldi áhugasamra sálfræðinema við Háskólann í Árósum og beið gestakennara frá Björgvin í Noregi, Kjell Raaheim (1930-2017), að nafni. Hann var á sínum tíma sálfræðinga fróðastur á Norðurlöndum um huga, skynbragð, vit og greind (intelligence). Mig minnir, að efni fyrirlestursins hafði verið skilningur á greind.

Um síðir birtist Kjell. Þá höfðum við beðið drygklanga stund. Prófessorinn sagði farir sínar ekki sléttar. Þegar hann settist í farkost sinn við Háskólann í Björgvin til að aka út á flugvöll, lét hann öllum illum látum og drap svo á sér.

Kjell baðaði út öngum, hafði ekki hundsvit á bílum. Þá bar þar að strákna á hjóli, sem vildi grennslast fyrir um örvæntingu karls. Hjálpsamur var gutti. Það sálfræðinginn snjalla að taka læsinguna af vélarhlífinni, stakk sér á kaf í vélarrúmið og kallaði að vörmu spori; „settu í gang.“ Og viti menn! Bíllinn rauk í gang.

Þessa sögu sagði Kjell okkur hlægjandi og trúði okkur svo fyrir, að hann hefði mælst með greindarvísitölu 127, sem er dágott.

Greind hefur löngum vakið áhuga fræðimanna. Gríski læknirinn, Galen (130-201), hélt því fram endur fyrir löngu, að Afríkumenn, blakkir á hörund, sýndu síðri greind en Evrópumenn. Á miðöldum tóku nokkrir persneskir og arabískir höfundar undir sjónarmið Galen eins og t.d. Al Jahiz (d. 868), sem sagði: „Vil teljum engan vafa leika á, að Zanjþjóðin [blökkumenn frá Austur-Afríku] vanti manna mest uppá greind og skarpskyggni, og sé síst í færum til að bera skynbragð á afleiðingar athafna sinna.“

En með bók Francis Galton, „Erfðasnillingnum“ (The Hereditary Genius) frá 1869, hefst kerfisbundin skoðun á sambandi kynþáttar og greindar. Francis reyndi að gera sér grein fyrir hlutfalli afreksmanna meðal þjóða. Hann komst að þeirri niðurstöðu, að Grikkir hafi á blómskeiði sígildrar, grískrar menningar, verið greindastir manna á jarðríki, og Kínverjar í svipuðum flokki. Skota á láglandi taldi Francis heldur greindari en Englendinga. Afríkumenn, sunnan Sahara eyðimerkurinnar, taldi hann, ásamt frumbyggjum Ástralíu, búa yfir minnstri greind.

Aðferð Francis varð innblástur bandaríska stjórnmálafræðingnum, Charles Alan Murray (f. 1943), sem skrifaði bókina: „Aftek manna: Leitinn að yfirburðum í listum og vísindum á árabílinu 800 f. Kr. til 1950“ (Human Accomplishment: The Pursuit of Excellence in the Arts and Sciences, 800 B.C. to 1950). Bókin kom út árið 2003. (Charles skrifaði líka „Bjölludreifinguna“ (The Bell Curve), ásamt bandaríska

sálfræðingnum Richard Julius Herrnstein (1930-1994), sem kom út árið, sem hann lést.)

Charles skoðaði 4.139 manns, sem gert höfðu blómagarð mannkyns frægan. Hann samdi stigmatöflu á grunni þeirra heimilda, sem fyrir lágu. Með skírskotun til hennar benti höfundur m.a. á þá staðreynd, að afreksmenn, þ.á.m. Nóbelsverðlaunahafar, hefðu að langmestu leyti verið evrópskir karlar í tengslum við úrvalsstofnanir æðri menntunar. Hann segir: „Stjórnvöld, sem tryggja í raun frelsi til athafna efnilegra fræðimanna og listamanna, stuðla þannig að framrás afrekaflaumsins.“

Þessar konur hlutu hæst stig á afrekaskrá Charles: japanski rithöfundurinn, Murasaki Shikibu (973-1014/1025), enski rithöfundurinn, Adeline Virginia (Stephen) Woolf (1882-1941) og pólsk-franski eðlisfræðingurinn, Maria Salomea Sklodowska/Marie Curie (1867-1934).

Kjarnaboðskapur Charles er sá, að sannfæring fólks um tilgang lífsins, ásamt trú á hugsjónir fegurðar, sannleika og góðmennsku, séu aflvakar afreka í mannlífinu.

Greind er margs konar og mæld á margan hátt. Íslenska samheitaorðabókin segir samheiti vera; „gáfur, skilning, skynsemi, vit, vistmuni.“ Hæfileikum og skynbragði mætti augljóslega bæta þar við og fleiri orð lýsa greind eins og: brjóstvit, hyggindi, speki, spekt, skerpa, minni og viska.

Oft er svo tekið til orða á íslensku; að kunna skil á, vera gæddur skynsemi, leggja skilning í og sýna dómgreind. Greind er trúlega best skilgreind sem hæfni til úrlausnar flókinna verkefna.

Stundum er talað um almennan þátt greindar (general factor), sem fyrst var skilgreindur af enska sálfræðingnum, Charles Edward Spearman (1863-1945). Bandaríski sálfræðingurinn, Arthur Robert Jensen (1923-2012), skilgreindi hugtakið frekar og tengdi við hugtakanám (conceptual learning) eða annars stigs nám (Level II). Fyrri stigið eða stig I, kallaði hann tenginám (associative learning).

Svipuð hugtök koma fyrir hjá rússneska sálfræðingnum, Lev Vygotsky (1896-1934), og svissneska sálfræðingnum, Jean William Ritz Piaget (1896-1980), sem kom við sögu greindarprófa, eins og síðar mun verða vikið að.

Sá fyrrnefndi talaði um vísindaleg hugtök og hugsun (rökfærslu og sértækni (abstraction)). Sá síðarnefndi kenndi hugsun og nám á þessu stigi við sértækni (abstraction). Um væri að ræða eins konar „frelsun“ hugsunarinnar frá hinum ápreifanlega veruleika, þ.e. til sértækrar (abstract) hugsunar, kerfibundinnar

eftirgrennslanar, athugunar og ígrundunar, um eigin hugsanir og annarra. Hugsunin á þessu stigi yrði þjálli, málið fjölskrúðugra og rökfimin meiri.

Bandaríski sálfræðingurinn, Raymond Cattell (1905-1998) vildi skipta greind í tvö megin svið, þ.e. annars vegar eðlisgreind (fluid intelligence), þ.e. hugtakaskilning og rökhbyggju, og hins vegar reynslugreind (crystallied intelligence), þ.e. hæfileikann til að nýta sér áunna þekkingu, nýta sér reynslusjóðinn.

Það hefur staðið mikill stýrr um greindarhugtakið, svo heiftúðugur reyndar, að Bandaríska sálfræðingafélagið heytist á að veita hinum aldna vísindahöfðingja, Raymond, verðskulduð heiðursverðlaun fyrir rannsóknir hans á greindinni.

Árið 1975 gaf sænski heimspekingurinn, Carl G. Liungman, út bókina: „Goðsögnina um greindina. Bók um greind, arf og umhverfi“ (Myten om intelligensen. En bok om intelligens, arv og miljø). Þar gerði hann m.a. létt grín að greindarprófum.

Augljóst þótti og þykir enn, að greind manna sé óhjákvæmilega háð skilgreiningu, menningu, menntun og jafnvel kyni. Meira um það síðar. Nýrra rit er „Bjölludreifingin: Greind og stéttaskipting í lífi bandarísku þjóðarinnar“ (The Bell Curve: Intelligence and Class Structure in American Life), eftir fyrrgreindan, Charles A. Murray, og landa hans, sálfræðinginn, Richard Herrnstein. Bókin kom út árið 1994.